# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Umferðarstofu nr. 681 26. september 2002.**

1. gr.

Fyrirsögn 9. gr. gjaldskrár þessarar verður: Umsýslugjöld ökuprófa.

Á eftir 8. gr. kemur ný 9. gr. þannig orðuð:

Í hvert sinn, sem þreytt er ökupróf, skriflegt eða verklegt, samkvæmt reglugerð um ökuskírteini nr. 501/1997, skal próftaki greiða sérstakt umsýslugjald til Umferðarstofu. Þetta gildir um ökupróf sem fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún hefur falið framkvæmd ökuprófs.

Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum innheimtu gjaldsins í tengslum við framkvæmd ökuprófa.

Umsýslugjöld ökuprófa eru eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Fyrir hvert skriflegt próf í öllum réttindaflokkum | kr. | 500 |
| b. | Fyrir hvert verklegt próf í öllum réttindaflokkum | kr. | 1.000 |

2. gr.

9. gr. gjaldskrár þessarar verður 10. gr.

3. gr.

Breytingin á gjaldskrá Umferðarstofu, sem kynnt er með þessari auglýsingu og gerð er með heimild í f-lið 114. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tekur þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 7. desember 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*